

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf.
Korngörðum 2
104 Reykjavík

Akureyri, 21. mars 2018

Efni: Framkvæmd starfskjarastefnu

Samkvæmt hluthafaskrá Eimskipafélags Íslands hf. (Eimskip) 15. mars 2018 er Stapi lífeyrissjóður (Stapi) eigandi 4,6% hlutafjár í félaginu.

Í ársreikningi Eimskips fyrir árið 2017 kemur fram að heildarlaun forstjóra félagsins vegna ársins 2017 hafi numið ríflega 102 m.kr. Þar af nema „önnur laun“ (kaupaukar, ferðagreiðslur, lífeyrisgreiðslur, húsnæðis- og bifreiðahlunnindi) 35 m.kr. Samanburður á launum forstjóra þeirra 16 félaga sem skráð eru í Kauphöll Íslands leiðir í ljós að heildarlaun forstjóra Eimskips voru þau hæstu á árinu 2017.

Í starfskjarastefnu félagsins sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 23. mars 2017 kemur fram að kjör forstjóra félagsins skuli „taka mið af menntun, reynslu og fyrri störfum“. Einnig kemur fram eftirfarandi: „Endurskoða skal grunnlaun forstjóra árlega og skal við slíka endurskoðun hafa hliðsjón af frammistöðu forstjóra, þróun launakjara almennt í sambærilegum fyrirtækjum og afkomu félagsins.“ Í umfjöllun um markmið stefnunnar kemur fram að „Starfskjör stjórnenda og annarra lykilstarfsmanna skulu taka mið af starfskjörum annarra starfsmanna félagsins og með því leitast við að tryggja samræmda og sanngjarna starfskjarastefnu innan félagsins.“

Þá kemur einnig fram í umfjöllun um kaupauka að félaginu sé „heimilt er að greiða forstjóra, framkvæmdastjórum og öðrum lykilstarfsmönnum félagsins kaupauka í formi reiðufjár og/eða hlutbréfatengdra réttinda á grundvelli sérstaks kaupaukakerfis sem samþykkt hefur verið af stjórn að fengnu áliði starfskjaranefndar“. Aukinheldur er tekið fram í áður nefndri starfskjarastefnu að „Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins og er hluthöfum þannig gert kleift að hafa áhrif á stefnu félagsins varðandi starfskjör“.

Í Leiðbeiningum og stefnumiði um stjórnarhætti, fyrirsvar og félagslega ábyrgar fjárfestingar¹ Stapa koma fram eftirfarandi sjónarmið um breytilegar greiðslur til stjórnenda félaga sem Stapi fjárfestir í: „Byggi kjör að einhverju leyti á breytilegum greiðslum skulu þau upplýst og rökstudd af stjórn/starfskjaranefnd og hafa skýran rekstrarlegan tilgang“.

¹ Skjalið er aðgengilegt á heimasíðu Stapa: <https://www.stapi.is/static/files/frettir/b32..pdf>

Til þess að hluthafar geti tekið upplýsta ákvörðun um starfskjarastefnu félagsins er nauðsynlegt að viðeigandi upplýsingar liggi fyrir um framkvæmd hennar. Stapi væntir þess að stjórn eða starfskjaranefnd geri á aðalfundi félagsins 22. mars nk. grein fyrir framkvæmd starfskjarastefnu félagsins, m.a. starfskjörum stjórnenda félagsins og rökstyðji fyrirkomulag árangurstenginga, séu þær til staðar. Þá brýnir Stapi fyrir stjórn og starfskjaranefnd félagsins mikilvægi þess að gæta hófs við ákvarðanir starfskjara stjórnenda félagsins í anda markmiðs starfskjarastefnu félagsins sjálfs sem áður er getið.

Virðingarfyllt,

Jóhann Steinar Jóhannsson
Framkvæmdastjóri